

325. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGINN 6. MAÍ 2021 KL 9:30

haldinn í Skálholti

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning
- 2) Fjármál og fasteignir
 - a) Yfirferð á stöðu fjármála
 - b) Veiðiréttindi Mosfells í Grímsnesi
 - c) Borgarvogur – tillögur að friðlýsingu
- 3) Skálholt
 - a) Erindi framkvæmdastjóra Skálholts
 - b) Fundargerðir stjórnar Skálholts
- 4) Stefnumótun hjá þjóðkirkjunni
- 5) Önnur mál

1. FUNDARSETNING

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 9:30 með ritningarlestri og bæn. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Anna Guðrún Sigurvinsdóttir og Svana Helen Björnsdóttir sem tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu, Ásdís Clausen, staðgengill fjármálastjóra, Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings, Herdís Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri Skálholts, Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti og séra Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Undir lið 3 sátu jafnframt Gunnar Óskarsson, ráðsmaður í Skálholti, Sigurbjörg Bjarney Ólafsdóttir rekstraraðili veitinga- og gístaðstöðunnar í Skálholti og Jón Bjarnason, organisti í Skálholti. Þórarinn Þorfinnsson, formaður sóknarnefndar og séra Egill Hallgrímsson, sóknarprestur, boðuðu forföll.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) Yfirferð á stöðu fjármála

Staðgengill fjármálastjóra ræddi um fjármál Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu, verkefnastöðu ýmissa mála á fjármálasviði og svaraði fyrirspurnum. Kynnt var að vinna væri hafin við gerð fjárhagsáætlunar 2021.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að óska eftir skriflegum upplýsingum og útreikningum frá Fjársýslu ríkisins um uppgjör ríkis og kirkju á viðaukasamningi ríkis og kirkju sem tók gildi 1. janúar 2020, vegna ársins 2020-2021.

b) Veidiréttindi Mosfells í Grímsnesi

Lagt fram minnisblað dags. 4. maí 2021 varðandi veiðiréttindi Mosfells í Grímsnesi.

Kirkjuráð samþykkti á síðasta fundi að fela framkvæmdastjórn Skálholts að annast sölu á veiðileyfum Mosfells til veiða í Brúará. Rétt er að undirstrika að sú ráðstöfun skal ávallt vera í samráði við leigutaka.

c) Borgarvogur – tillögur að friðlýsingu

Lögð fram til kynningar tillaga að friðlýsingu Borgarvogs í Borgarfirði sem friðlands, dags. 13. apríl 2021.

3. SKÁLHOLT

Kirkjuráð og starfsfólk Skálholts funduðu um málefni staðarins.

a) Erindi framkvæmdastjóra Skálholts

Framkvæmdastjóri Skálholts kynnti framtíðarsýn sína á staðnum og varpaði upp kynningarglærum.

b) Fundargerðir stjórnar Skálholts

Fundargerðir stjórnar Skálholts nr. 83 og 84 voru lagðar fram.

4. STEFNUMÓTUN HJÁ ÞJÓÐKIRKJUNNI

Lagt fram minnisblað dr. Bjarna Snæbjarnar Jónssonar, dags. 5. maí 2021, um stöðu stefnumótunarvinnu fyrir þjóðkirkjuna.

5. ÖNNUR MÁL

Ekkert undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 13:45.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn fimmtudaginn 3. júní nk.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir

Svana Helen Björnsdóttir